



## 1644. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
9.5.2018, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1643. fundar

Samþykkt með fyrirvara um viðbætur.

### 2. Ársreikningur ÍBR

Ársreikningar ÍBR, Reykjavíkummarþons og Skautahallar lagðir fram til kynningar og umræðu. Fjármálastjóri ÍBR tók þátt í þessum lið fundarins.

### 3. Miðnæturhlaup

Drög að bréfi til Fjölnis lögð fram og rædd. Formanni og framkvæmdastjóra falið að klára.

### 4. Erindi ÍTR vegna tennishúss hjá TBR

Lagt fram. Annars vegar óskað eftir umsögn ÍBR um tillögu að tennishúsi á lóð TBR og hins vegar óskað eftir tölfræði um tennisiðkun. Formanni og framkvæmdastjóra falið að svara.

### 5. Aðildarumsókn Hjólaskautafélagsins

Samþykkt.

### 6. Aðildarumsókn Knattspyrnufélagsins Aurora

Vísað til laganefndar ÍBR.

### 7. Reglugerð um þjóðarleikvanga

Lögð fram. Tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

### 8. Samkomulag um skíðasvæðin

Ómar Einarsson sviðsstjóri hjá ÍTR kom inn á fundinn og kynnti [samkomulag um skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins](#) sem var undirritað í síðustu viku. Í fyrsta skrefi er lögð áhersla á lyftur og snjóframleiðslu. Áætlaður kostnaður vegna framkvæmda á skíðasvæðunum á árunum 2019-24 er um 3,6 milljarðar. Umræður þar sem m.a. rætt um skála félaga á skíðasvæðum. Aukið framboð, bætt aðgengi og gæði aðstöðu til íþróttaiðkunar eru mikilvægar forsendur fyrir öflugum íþróttastarfi. Stjórn ÍBR fagnar því þessum mikilvæga áfanga í uppbyggingu aðstöðu fyrir skíðaíþróttir á höfuðborgarsvæðinu sem mun án efa hafa jákvæð áhrif fyrir slíkt starf hjá aðildarfélögum ÍBR.

Fundi slitið kl. 13:00

Gígja Gunnarsdóttir, ritari